

COVID-19 MEÐGANGA, BRJÓSTAGJÖF OG BÓLUSETNING

Margt er enn óljóst hvað varðar hegðun, smit og sýkingaáhrif Covid-19. Barnshafandi konur hafa sömu líkur á að smitast af Coronaveirunni sem veldur Covid-19 og jafnöldrur sem ekki eru barnshafandi. Barnshafandi konur eru á þeim aldri sem veikist síður alvarlega en þeir sem eldri eru. Nú er talið að barnshafandi kona sem fær Covid-19 sé líklegri til að þurfa gjörgæslumeðferð, sérstaklega ef hún hefur aðra sjúkdóma.

Veiran leiðir ekki til fósturláta svo vitað sé eða smitar fóstur á meðgöngu.

Upplýsingar um veiruna er að finna á vef Embættis Landlæknis og er þar jafnframt að finna allt er lýtur að smitvörnum og almennum leiðbeiningum: <https://www.covid.is/>

Einnig eru góðar upplýsingar hjá Heilsugæslunni:

<https://www.facebook.com/watch/?v=221429438982082>

Upplýsingar sem snerta barnshafandi konur og fæðingarþjónustu er að finna á vef Landspítala:

<https://www.landspitali.is/sjuklingar-adstandendur/hagnytar-upplýsingar/sykingavarnir-/spurt-og-svarad-um-covid-19-medganga-og-faeding/>

SMITVARNIR

Sömu leiðbeiningar gilda fyrir barnshafandi konur og konur með barn á brjósti og gilda fyrir almenning.

Skynsamlegt er að halda góðri fjarlægð frá öðrum og gæta vel að hreinlæti.

Ekki ætti að mæta í bókaðan tíma ef konan hefur einhver einkenni eins og kvef, hósta eða hita heldur láta vita af því símleiðis. Sama gildir um ómun, aðrar skoðanir og komu á fæðingadeild.

Leiðbeiningar um fylgdarmann eru mismunandi eftir stofnunum og sóttvarnarreglum hverju sinni.

Mikilvægt er að kynna sér hvað gildir því reglur geta breyst

Mikilvægt er að draga úr gestakomum til að forðast smit.

KONUR Í SÓTTKVÍ

Barnshafandi konur sem ættu að fara í mæðraskoðun á þeim tíma sem sóttkvíin varir geta haft samband við sína heilsugæslustöð og fengið símtal við ljósmóður og fyrirkomulag mæðraverndar skipulagt.

Barnshafandi konur sem byrja í fæðingu eiga að hafa samband við fæðingadeild og láta vita að þær séu í sóttkví.

SMIT EÐA GRUNUR UM SMIT

Allar konur sem eru í sóttkví og fá einkenni eru meðhöndlaðar þegar þær koma í fæðingu eins og um smit sé að ræða.

Smitaðar konur verða í umsjón lækna og ljósmæðra á Landspítalanum. Ef þær þurfa skoðun er það gert í samráði við þá sem annast þær.

Mikilvægt er að hringja á fæðingadeild og láta vita af einangrun þegar fæðing hefst en ekki koma beint á deildina.

BRJÓSTAGJÖF

Á þessum tímamarki eru ekki til heimildir um að vírusinn berist í brjóstamjólk. Jákvæð heilsufarsáhrif brjóstagjafar eru vel þekkt og vega upp á móti mögulegri áhættu á smitun á COVID-19 í gegnum brjóstamjólk.

Gæta þarf sérstakrar varúðar við brjóstagjöf og umönnun barnsins. Góður handþvottur er mjög mikilvægur. Alltaf skal þvo hendur fyrir brjóstagjöf og áður en pumpur og pelar eru meðhöndluð. Aðaláhættan við brjóstagjöf er nán snerting milli móður og barns þar sem loftbornir dropar geta borist frá móður til barns. Því er auk þess æskilegt að vera með maska fyrir vitum við brjóstagjöf og forðast kossa ef móðirin er með einhver einkenni. Muna að hósta/hnerra í olnbogabót eða vasaklút en ekki í hendur.

BÓLUSETNING Á MEÐGÖNGU

Það er takmörkuð reynsla af notkun mRNA bóluefnanna (Comirnaty® og Covid-19 Vaccine Moderna®) og COVID-19 Vaccine AstraZeneca bóluefninu við Covid-19 á meðgöngu og við brjóstagjöf, þar sem ekki eru gerðar rannsóknir á barnshafandi konum eða konum með barn á brjósti.

Dýrarannsóknir benda ekki til þess að hætta geti stafað af bóluefnunum fyrir barnshafandi konur, fóstrið eða barn á brjósti. Þrátt fyrir að engar rannsóknir liggi fyrir hjá konum á meðgöngu eða með barn á brjósti er ekki búist við að notkun bóluefnis hjá þeim hafi í för með sér meiri hættu en fyrir aðra hópa. Almenna reglan er sú að þegar verið er að nota ný bóluefni að sýna sérstaka varúð þegar kemur að barnshafandi konum, ekki síst fyrir 12 vikna meðgöngu. Ef kona fær bólusetningu óafvitandi um þungun er ekki ástæða til að rjúfa þungun.

Barnshafandi konur eru ekki sérstakur forgangshópur þegar verið er að bólusetja með þessum bóluefnum. Ekki er lagst gegn bólusetningu þungaðra kvenna sem þess óska. Sérstaklega gildir þetta um þær konur sem eru með áhættuþætti eða eru í starfi þar sem mælt er með bólusetningu að undangenginni ráðgjöf og upplýstri ákvörðun.

Barnshafandi konur sem eru í störfum þar sem mælt er með bólusetningu geta kynnt sér þessar upplýsingar:

<https://www.landspitali.is/sjuklingar-adstandendur/hagnytar-upplýsingar/sykingavarnir-/spurt-og-svarad-um-covid-19-fyrir-starfsfolk-landspitala/>

Hér er að finna upplýsingar um bólusetningu og bóluefni hjá Embætti Landlæknis:

<https://www.landlaeknir.is/um-embattid/greinar/grein/item43978/bolusetning-gegn-covid-19-algengar-spurningar-og-svor>

og hjá Lyfjastofnun: <https://www.lyfjastofnun.is/lyf/covid-19/comirnaty-biontech-pfizer-2/>

Hér má sjá ráðleggingar fæðingarlækna í Bretlandi: <https://www.rcog.org.uk/en/news/updated-advice-on-covid-19-vaccination-in-pregnancy-and-women-who-are-breastfeeding/>

BÓLUSETNING KVENNA MEÐ BARN Á BRJÓSTI

Ekki er vitað hvort þessi bóluefni berist í brjóstamólk. Ætla má að bóluefnið verði óvirkt í meltingarvegi og því ólíklegt að virkt bóluefni berist til barnsins.

Konum með barn á brjósti má bjóða bólusetningu með þessum bóluefnum.

Ljósmeður og læknar í mæðravernd veita nánari ráðgjöf.